

Fyrr á þessu ári voru þau hjón dæmd í sakadómi Reykjavíkur í óskilorðsbundið fangelsi, Ingibjörg í 10 mánuði, en Sigurd í 5 mánuði. Dómum þessum hafa þau áfrýjað til Hæstaréttar Íslands.

Loks er þess að geta, að dómara er kunnugt um, að fjölmörg þjófnaðarbrot hafa verið kærð til rannsóknarlögreglunnar á undanförunum mánuðum, og hafa kærðu játað aðild sína að þeim.

Með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga 74/1974 ber að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurd Evje Markússon, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum.

Mánudaginn 6. janúar 1975.

Nr. 223/1974. Ákærvaldið

gegn

Ingibjörgu Guðrúnu Magnúsdóttur
Welding.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 15. desember 1974, sem barst Hæstarétti 27. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Samkvæmt 1., 3. og 5. tölulið 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. desember 1974.

Ár 1974, sunnudaginn 15. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að í gær voru hjónin Ingibjörg Guðrún Magnúsdóttir Welding og Sigurd Evje Markússon, bæði heimilislaus og atvinnulaus, handtekin vegna þjófnaðar á veski, sem í var ca kr. 30.000 auk ýmissa skilríkja.

Mestallt féð hefur komist til skila.

Fyrr á þessu ári voru þau hjón dæmd í sakadómi Reykjavíkur í óskilorðsbundið fangelsi, Ingibjörg í 10 mánuði, en Sigurd í 5 mánuði. Dómum þessum hafa þau áfrýjað til Hæstaréttar Íslands.

Loks er þess að geta, að dómara er kunnugt um, að fjölmörg þjófnaðarbrot hafa verið kærð til rannsóknarlögreglunnar á undanfórnum mánuðum, og hafa kærðu jatað aðild sína að þeim.

Með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga 74/1974 ber að úrskurða kærðu í gæsluvarðhald, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærða, Ingibjörg Guðrún Magnúsdóttir Welding, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum.